



Brunavarnir A - Húnavatnssýslu

540 BLÖNDUÓSI

Alþingi

Erindi nr. P 125/1534

komudagur 12.4.2000

Blönduósi 7-4-2000.

Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir 485 mál ,heildarlög.

7.gr.Í brunamálaráði skal sitja fulltrúi frá Landssambandi slökkviliðs og sjúkraflutningsm.

Þar sem L.S.S. er stéttarfélag ætti það ekki að vera með fulltrúa í brunamálaráði.

9.gr. Farskólinn og tækjateild hefur verið virt af landsbyggðinni og er sú þjálfun sem slökkviliðin á landsbyggðinni öll haft sér til utanaðkomandi þjálfunar og reynst vel, það yrði mikil afturför ef ætti eins og heyrst hefur að krefjast þess með lögum að allir slökkviliðsmenn sæki sína þjálfun og menntun til Reykjavíkur, Akureyrar eða þar sem atvinnuliðin eru. Hæfni manna til slökkvistarfa verður að lærast á þau tæki er þeir eiga að vinna með, því búnaður er misjafn hjá hverju liði fyrir sig.

Auk þess yrði kostnaður við að hafa 15-20 menn í Reykjavík eða annars staðar slíkur að sveitarfélögin tækju aldrei þátt í því og fyrirtæki þau sem þessir menn vinna hjá yrðu ekki ánægð með að missa menn úr vinnu í 3 vikur eins og slíkt nám tæki.

Slökkviliðin verða að fá þessa þjálfun heim í hérað og æfa sig með þau tæki er þau eiga að vinna með.

Í skólaráði ætti ekki að vera fulltrúi frá L.S.S.heldur frá félagi slökkviliðsstjóra.

12 gr.Ekki ætti að fela skoðunarstofum eftirlit, reynslan af skoðunarstofu vegna rafmagnseftirlits er slík að á landsbyggðinni er henni lítið sinnt, auk þess er það auknar álögur á fyrirtæki þar sem þau yrðu að greiða fyrir kostnað sendimanna úr Reykjavík. Spurning er hvort ekki ætti að flokka húsnæði niður eftir því hvað brunavarnir væru góðar t.d. a.b.c.og d. Tryggingarfélög væru síðan skyldug að hafa t.d.d.flokk með þrefalt hærri iðgjald en a.þannig væri komin fjárhagslegur ávinningur fyrir húseigendur að hafa brunavarnir í lagi.

19 gr.Kjaramál eiga að vera í höndum stéttarfélaga,þau hljóta því að eiga semja við sveitarfélög.

21 gr.Við þessa grein mætti bætast að tryggingarfélög greiði útköll vegna björgunarstarfa í bílslysum en ekki sveitarfélögin eins og er í dag.

Virðingarfyllst

slökkviliðsstjóri
Brunavarna A-Hún.